

Nr. 1056

29. desember 2010

REGLUR um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2011.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2010 eru settar skv. 118. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögðila sem fára ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu rekstrarársins 2011.

Búsafurðir til heimanota og aðra endurgjaldslausa afhendingu þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2011 er sem hér segir:

	kr.
Mjólk	71,00 hver lítri
Egg	430,00 hvert kg
Kartöflur	70,00 hvert kg
Rófur	120,00 hvert kg
Lambakjöt	454,00 hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé	315,00 hvert kg
Annað kjöt af sauðfé	110,00 hvert kg
Ungnautakjöt	513,00 hvert kg
Annað kjöt af nautgripum	325,00 hvert kg
Folaldakjöt	268,00 hvert kg
Annað kjöt af hrossum	113,00 hvert kg
Grískjöt	305,00 hvert kg
Annað svínakjöt	247,00 hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir	507,00 hvert kg
Annað fuglakjöt	362,00 hvert kg
Fiskur	375,00 hvert kg

Reykjavík, 29. desember 2010.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2010